

# Hvernig geta bólusetningar verndað samfélag okkar?

Bóluefni veita okkur ónæmi gegn sjúkdómum – og geta komið í veg fyrir að sjúkdómar breiðist út. Þegar margir eru með ónæmi náum við „samfélagsónæmi“ sem hjálpar til við að vernda alla.



## Hvað er „samfélagsónæmi“?

Þegar margt fólk í þýði er bólusett gegn smitsjúkdómi verða mun minni líkur á að hann dreifist á milli manna. Þessi sameiginlega vernd er kölluð „samfélagsónæmi“.



Margir sjúkdómar og fylgikvillar sem áður voru algengir eru nú orðnir sjaldgæfir eða jafnvel horfnir þökk sé bólusetningu.

Nokkur dæmi:

- Mænusótt
- Bólusótt
- Blinda vegna mislinga
- Fötlun hjá börnum mæðra sem fengu rauða hunda á meðgöngu

„Samfélagsónæmi“ hjálpar til við að vernda þá sem eru viðkvæmastir fyrir sjúkdómum:

- Smábörn
- Eldra fólk
- Krabbameinssjúklingar
- Fólk með sjúkdóma sem veikja ónæmiskerfið þeirra
- Fólk sem ekki er hægt að bólusetja af læknisfræðilegum ástæðum



## Höldum áfram!

Ef fólk hættir að bólusetja gætu margir sjúkdómar sem orðið hafa sjaldgæfir vegna bólusetningar komið aftur.



Hafðu samband við heilbrigðisstarfsmann til að bóka bólusetningar.

Bóluefni geta verndað þig og aðra

Skannaðu QR kóðann til að fá frekari upplýsingar á Evrópsku upplýsingagáttinni um bólusetningar



[vaccination-info.europa.eu/en](https://vaccination-info.europa.eu/en)